

57 söm, er honum skylt að leita upplýsingar um málið þegar í stað eða síðar 12. júní eftir atvikum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

58
13. júní

REGLUGERÐ

til

leiðbeiningar skiptaráðendum um auglýsing gjaldþrotaskipta samkv. lögum nr. 25/1929, 37. gr. 4. mgr.

1. gr.

Ákvæði fyrstu mgr. 37. gr. laga nr. 25, 1929, um gjaldþrotaskipti, taka aðeins til gjaldþrotabúa, en ekki til dánarbúa þótt þau hrökkvi ekki fyrir skuldum og sæti þrotabúsmeðferð.

2. gr.

Auglýsing skal birt er úthlutunargerð hefir verið samþykkt og skiptum búsin að öðru lokið, enda hafa allir þeir, er ekki hafa fengið kröfur sínar að fullu greiddar úr búinu, mætt á skiptafundi og samþykkt úthlutunina. Ella verður auglýsingu að fresta unz áfrýjunarfrestur er liðinn án þess áfrýjað hafi verið. Þegar áfrýjað er skiptum skal auglýsing birt er búskiptunum er lokið samkvæmt dómnum.

3. gr.

Í auglýsingu skal greina hvenær skipti hófust og hvenær þeim var lokið, hve háa hundraðstölu lánardrottinnar fengu úr búinu, sundurliðað eftir flokkun skuldaraðar, ef forgangskröfur hafa ekki fengizt greiddar að fullu, en annars nægir að geta hundraðstölu greiddrar af almennum kröfum. Greina skal hve eignir búsin námu mikilli upphæð og sundurliða í þrennt hve mikið greiddist: upp í forgangskröfur, kröfur tryggðar með veði og almennar kröfur.

4. gr.

Nú er krafa tryggð með veði í fasteign og skal þess þá getið hvort fasteignin var lögð út ófullnægðum veðhafa að afstöðnu nauðungarupphöði, hversu mikið vantaði á að veðkröfur fengjust greiddar með veðinu og hvort það, er ávantaði, er talið á sinum stað í skuldaröðinni.

5. gr.

Greint skal í einni upphæð hve mikið lánardrottinn fengu ekki greitt af kröfum þeim, er lýst var í tæka tíð og gildar metnar, og á sama hátt skal getið upphæðar þeirra krafna, sem of seint var lýst.

6. gr.

Skiptaniðurstaða skal auglýst fyrir hvert bú um sig í samfeldu venjulegu lesmáli eða í reikningsformi sem útdráttur úr skýrslu um eignir og skuldir og úthlutunargerð.

7. gr.

Um nauðasamninga skal greina samanlagða upphæð samningskrafna og hundraðstölu þá, er að samningi verður, samtímis — en þó í sérstakri auglýsingu — tilkynningu þeirri, er birt skal þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

59
13. júní

fyrir

Eskifjarðarkauptún.

I. KAFLI.

1. gr.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Mjóeyri í Skeleyri og skulu öll skip, er koma inn fyrir þá línu, með þeim undantekningum, er síðar verður um getið, greiða hafnargjald á Eskifirði.